



Skipulagsdagurinn

Sambætting byggðar
og vistvænna samgangna

Iðnaðarbankinn jarðsettur

Skipulagsglugginn
á Flateyri



Skipulagsmál: breitt litróf málaflokka og fagþekkingar

Í síðasta tölublaði Torgsins þetta árið er að vanda komið víða við. Við heyrum frá sérfræðingunum sem leitt hafa gerð nýrra leiðbeininga um mannlíf, byggð og bæjarrymi og drepum niður fæti í nýlegri útgáfu um arkitektúr og manggert umhverfi sem skrifuð er út frá nýstárlegum og heillandi vinkli í bókinni Jarðsetningu eftir Önnu Maríu Bogadóttur. Í skipulagsglugganum fáum við innsýn í uppbyggingu stúdentagarða Lýðskólans á Flateyri og tökum saman það helsta frá nýafstöðnum Skipulagsdegi þar sem sjónum var beint að stafrænni vegferð, fæðuöryggi, orkuskiptum og skipulagi bæjarrýmis.

Í viðtali við Magneu Guðmundsdóttur arkitekt um gerð leiðbeininga um mannlíf, byggð og bæjarrými kom fram að eitt af því áhugaverða við gerð leiðbeininganna er að þar eru leiddir saman sérfræðingar frá ýmsum fagsviðum. Að mati Magneu var sú þverfaglega breidd undirstaðan að árangri við gerð leiðbeiningaritsins sem mun vonandi nýtast sveitarfélögum, hönnuðum og öðrum þeim sem koma að mótun okkar manngerða umhverfis.

Á Skipulagsdeginum, sem haldinn var í nóvember síðastliðnum, kom saman breiður hópur fagfólks, sveitarstjórnarfólks, stjórnmalamanna, almennings og aðila úr atvinnulífinu til að ræða málaflokka sem sumir kunna við fyrstu sýn að virka ótengdir skipulagsmálum, en eru það svo sannarlega ekki. Þrátt fyrir ólík viðfangsefni er sameiginlegur þráður í þeim öllum er varða gæði og mikilvægi samtals og samráðs um mál sem varða okkur öll, eða umfram allt: vandaða ákvarðanatöku við ráðstöfun landsins okkar með sjálfbærni, gæði og velferð að leiðarljósi.

Ólafur Árnason

settur forstjóri Skipulagsstofnunar

Mikið hlegið en stutt í alvöruna

Skipulagsdagurinn, árleg ráðstefna Skipulagsstofnunar og Sambands íslenskra sveitarfélaga um skipulagsmál, fór fram fimmtudaginn 17. nóvember síðastliðinn á Grand Hótel í Reykjavík. Var þetta í fyrsta sinn síðan árið 2019 sem Skipulagsdagurinn var haldinn við „eðlilegar“ kringumstæður, það er án samkomutakmarkana vegna heimsfaraldurs. Hvert sæti var skipað og andrúmsloftið létt í salnum.

Í ár var sjónum beint að nokkrum af helstu viðfangsefnum og áskorunum okkar tíma í skipulagsmálum: stafrænni vegferð, fæðuöryggi, skipulagi bæjarrýmis og orkuskiptum. Fjölbreyttur hópur sérfræðinga og hagsmunaaðila frá ríki, sveitarfélögum og úr atvinnulífinu flutti erindi en að þeim loknum tóku við pallborðsumræður. Erlendur fyrirlesari var að þessu sinni frá Skipulagsstjóra skosku heimastjórnarinnar, Liz Pringle, sem fór yfir þá miklu hagræðingu sem stafræn skipulagsgerð hefur skilað í Skotlandi. Ólafur Árnason, settur forstjóri Skipulagsstofnunar, leiddi gesti inn í stöðuna á þróun Skipulagsgáttar og kynnti einnig nýjan gagnagrunn og vefsíu um stafrænt aðalskipulag á Íslandi sem opnuð var á skipulagsdeginum. Nú er verið að prufukeyra fyrstu útgáfu Skipulagsgáttar og stutt

í formlega opnun hennar, sem verða mikil tímamót í samráði, kynningu og aðgengi að gögnum um skipulag.

Í umfjöllun um fæðuöryggi gaf Jóhannes Sveinbjörnsson, lektor við Landbúnaðarháskóla Íslands, yfirlit yfir stöðu og framtíðaráskoranir þjóðarinnar og Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri Rangárbings eystra, fór yfir reynsluna af flokkun landbúnaðarlands og stefnumótun um nýtingu þess í aðalskipulagi. Í framhaldi gáfu Magnea Guðmundsdóttir, arkitekt hjá teiknistofunni Stiku, og Borghildur Sölvey Sturludóttir sviðsstjóri hjá Reykjavíkurborg, ráðstefnugestum innsýn í leiðbeiningar um hönnun bæjarrýmis. Að lokum var fjallað um orkuskipti í víðu samhengi, bæði í samgöngum og orkuöflun.

Umræður voru afar lífligar undir öllum dagskrárliðum og mikil þátttaka, bæði úr sal og frá fjarfundargestum. Guðmundur Gunnarsson, fundarstjóri, stýrði dagskránni af mikilli natni og hélt uppi góðri stemningu og líflægum umræðum. Nánari dagskrá, upptökur og glærur frá [Skipulagsdeginum](#) má nálgast á heimasíðu Skipulagsstofnunar en að lokum er rétt að þakka Sambandi íslenskra sveitarfélaga fyrir gott samstarf við undirbúning og framkvæmd þessa mikilvæga viðburðar.



Hvert sæti var skipað í Háteigi.

Mynd: Ívar Eypórrsson.

Samþætting góðrar byggðar og vistvænna samgangna



Hér má sjá hvernig forsiður kaflanna líta út.

Grafík: Magnea Guðmundsdóttir.

Mannlíf, byggð og bæjarrými. Leiðbeiningar um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur í þéttbýli, er titill rits sem kemur út í byrjun næsta árs á vegum Skipulagsstofnunar og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða leiðbeiningar um samgönguvænt skipulag, sem gengið hefur undir vinnuheitinu *Borgarleiðbeiningar* undanfarin misseri. Unnið hefur verið að leiðbeiningunum síðan árið 2020 og hefur þeirra verið beðið með talsverðri eftirvæntingu. Leiðbeiningarnar munu nýtast skipulagsfulltrúum um allt land, fagfólki í skipulagi og arkitektúr, sveitarstjórnarfólki og uppbyggingaraðilum – en ekki síður almenningi og öllum þeim sem láta sig skipulagsmál varða. Aðalhöfundar efnis eru þau Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins, og Magnea Guðmundsdóttir, arkitekt.

„Fyrir mér hefur þessi vinna fyrst og fremst leitt í ljós að allar áskoranir sem við þurfum að eiga við í þéttbýli, þær snúast um pláss. Hvaða hlutir eru að fá pláss, og hvaða hlutir ættu að fá pláss í borgarrýminu,“ segir Jón Kjartan. „Þar má til dæmis nefna

gangstéttir. Hversu miklu pláss er varið í gangstéttir? Hvers vegna erum við tilbúin til að fórna ákveðnu hlutfalli af gangstéttarýminu fyrir annars konar not í stað þess að leyfa þeim að þjóna sínu hlutverki sem almenningsskými? Við setjum alls konar hluti á gangstéttir, ljósastaura, hleðslustaura, upplýsingaskilti, girðingar, bara til að nefna nokkur dæmi.“ Magnea tekur undir þetta en auk hennar og Jóns Kjartans komu sérfræðingar úr ýmsum áttum að gerð leiðbeininganna, meðal annars frá Eflu – Verkfræðistofu sem og Landmótun. „Mér fannst ótrúlega áhugavert að leiða saman sérfræðinga úr ýmsum áttum sem náðu þó að komast niður á ákveðnar lausnir á þeim áskorunum sem koma ítrekað upp þegar fjallað er um göturými. Þrátt fyrir að fólk hafði mismunandi áherslur var hægt að tala sig niður á vissan kjarna, um atriði sem hópurinn taldi ákjósanleg og jafnvel nauðsynleg að huga að þegar við skipuleggjum þéttbýli fyrir fólk. Þessi ólíka sérfræðikunnátta leiddi okkur að niðurstöðum sem allir voru sammála um,“ bætir Magnea við.

Segja má að rætur *Mannlífs, byggðar og bæjarrýmis* séu að finna í Landskipulagsstefnu 2015–2026 eða í þeim hluta hennar sem fjallar um gæði byggðar. „Þar má finna áherslu

á 20 mínútna hverfið og því er markmiðið með leiðbeiningunum að taka hana skrefi lengra og sýna hvernig megi samþætta byggð og vistvænar samgöngur, þar sem almenningssamgöngur eru í forgrunni. Við horfum til skynsamlegrar landnotkunar þar sem reynt er að nýta þegar brotið land undir hið byggða umhverfi. Bæjarrýmið í þessum skilningi er regnhlífarhugtak yfir byggð, aðgengi fólks að grænum svæðum, þjónustu og verslun og aðgengi að vönduðum almenningsskýmum,“ segir Jón Kjartan.

Þetta er í fyrsta sinn sem rit af þessu tagi kemur út á íslensku, sem ber að fagna. Í því fólust nokkrar áskoranir þegar kom að okkar eigin tungumáli, eins og Magnea komst að. „Það var virkilega áhugavert að komast að niðurstöðu um ákveðin orð, merkingu þeirra og blæbrigði. Margt af því fólki sem starfar í skipulagsmálum á Íslandi er menntað erlendis, í alls konar löndum, og tungumálið sem notað er byggist því jafnvel á mismunandi orðum eða mismunandi merkingum orða. Að fá þessar leiðbeiningar á íslensku skiptir miklu máli, jafnvel þótt þær skapi einungis umræðu um þessi orð og hugtök, til að við fáum okkar eigið íslenska skipulagstungumál, sem hefur hingað til verið nokkuð takmarkað.“

Iðnaðarbankinn jarðsettur



Jarðsetning er nýtt bókmenntaverk Önnu Maríu Bogadóttur, arkitekts, sem sker sig nokkuð úr hópi annarra „hefðbundinna“ bóka um byggingarlist og skipulagsmál.

Bókin hverfist um hús Iðnaðarbankans við Lækjargötu, sem var einmitt rífið og „jarðsett“ árið 2017. Anna segist ekki hafa haldið sérstaklega upp á þessa byggingu framan af. Hún varð henni hins vegar hugleikin eftir því sem yfirvofandi niðurrif bankans færðist nær. Niðurrífið vakti upp hjá henni spurningar



Séð yfir Tjörnina. Úr stuttmyndinni *Jarðsetning*.

Höfundur: Anna María Bogadóttir.

um hina stóru og metnaðarfullu framtíð byggðs umhverfis sem fyrirfannst í fortíðinni, þegar Iðnaðarbankahúsið var reist. „Anna velti fyrir sér hugmyndafræði, uppbyggingu samfélags og sínum eigin persónulegu tengslum við Iðnaðarbankann og aðrar byggingar.“ „Í kjölfar jarðsöngs hússins gerði ég sjónræna skrásetningu á niðurrífi þess

og til að ramma inn kvikmyndaupptökur hóf ég að skrifa texta sem vatt upp á sig og teygði sig út fyrir bygginguna og inn í hugmyndaheima og vangaveltur um það hvernig við ráðumst með vélinni á stórhýsi sem við byggjum upp af hugsjón og í krafti sömu vélar. Persónuleg frásögn og reynsla mín, lífrænnar veru í manngerðu umhverfi, heldur þráðunum saman.“

Skipulagsglugginn

Áhugaverð skipulagsverkefni



Stúdentagarðar Lýðskólans á Flateyri – Fyrstu nýbyggingar í 27 ár.

Mynd: Yrki – arkitektar.

Mikil spenna hefur ríkt í Öfundarfirði undanfarna mánuði vegna uppbyggingar stúdentagarða Lýðskólans á Flateyri. Bygging þeirra er langt á veg komin, þeir standa nú þegar við Hafnarstrætið, helstu lífæð bæjarins og falla vel að götumyndinni. Bygging

húsanna hefur vakið talsverða athygli, enda er um að ræða fyrstu nýbyggingar í bænum í 27 ár. Runólfur Ágústsson, helsti hvatamaður að stofnun Lýðskólans og framkvæmda við stúdentagarðanna, er hæstánægður með þróun mála. „Við náð-

um að loka húsinu í síðustu viku og nú er verið að ljúka við einangrun, þá er hægt að kynda.“ Það var Sólveig Berg hjá Yrki arkitektum sem hannaði byggingarnar en forsendur hönnunar af hálfu byggingarnefndar voru að virða staðaranda í skala og formi. Einnig þurfa mannvirkin að þola veður og snjóálag í þorpinu, sem getur verið öllu þyngra en viðast hvar annars staðar á landinu. Sem innblástur lagði byggingarnefndin til harðfiskshjalla og þakform með bárujárnsklæðningu. Runólfur slær að lokum á léttu strengi og bendir á að með byggingu stúdentagarðanna hefur skapast annað vanda- mál. „Í einkennismerki skólans má sjá götummynd Hafnarstrætis þrykktá undir rótum Þorfinns, glæsilegasta fjalls Öfundarfjarðar. En nú breytist götummyndin, þannig við þurfum víst að breyta lógóinu í leiðinni.“ Stúdentagarðarnir munu skipta sköpum fyrir nemendur skólans, þar verða 14 stúdíó- íbúðir auk sameiginlegs eldhúss og alrýmis á jarðhæð.